

Minjasafn Austurlands

ÁRSSKÝRSLA 2023



Útgefandi: Minjasafn Austurlands, 2024.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

Forsíðumynd: Frá sýningunni Ferðalög fyrr á tímum. Höfundur sýningar: Hanna Christel Sigurkarlsd.

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1 Mannauður.....	3
Starfsfólk.....	3
Stjórn.....	3
2. Rekstur.....	4
Ársreikningar.....	4
Styrkir.....	5
Starfshópur um breytt rekstrarfyrirkomulag.....	5
3. Varðveisla.....	6
Afhendingar og varðveisla.....	6
Útlán gripa.....	6
4. Heimsóknir.....	7
Opnunartími og aðgangseyrir.....	7
Gestafjöldi.....	7
5. Húsnæði og aðstaða.....	8
Viðbygging við Safnahúsið.....	8
Eftirlit safnaráðs.....	9
6. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun.....	10
Grunnsýning.....	10
Kassar.....	10
Fyrirlestrarröð: Nýjustu fræði og vísindi.....	11
Sauðkind og safnkostur.....	12
Öskupokasmiðja.....	12
Páskar.....	12
Spengja, stoppa, staga, stykkja.....	13
Sumarsýning: Ferðalög fyrr á tímum.....	13
Skóladagar.....	14
Dagar myrkurs.....	14
Jólasýning og jólaviðburður.....	15
Miðlun á vef - áhersla á afm.æli.....	16
7. Safnfræðsla.....	17
Heimsóknir skólahópa.....	17
BRAS: Tóvinna, tálgun og töfrar langspilsins.....	18
8. Samstarf, símenntun og starfshópar.....	19
Ráðstefnur og starfshópar.....	19
Símenntun.....	20
Samstarf við Ríkarðssafn.....	21
Ljósmyndasafn Austurlands.....	21
Aðild að félögum.....	21
9. Lokaorð.....	22

Formáli

Á árinu 2023 voru 80 ár liðin frá því að Minjasafn Austurlands var formlega stofnað á fundi á Hallormsstað. Tilurð safnsins má rekja til fundar sem átti sér stað í Atlavík þann 19. júlí 1942 þar sem kosin var sjö manna undirbúningsnefnd að stofnun safnsins. Í henni voru Gunnar Gunnarsson rithöfundur, Páll Hermannsson alþingismaður, Þórarinn Þórarinsson skólastjóri á Eiðum, Björn Hallsson hreppsstjóri á Rangá, Sveinn Jónsson bóndi á Egilsstöðum, Benedikt Guttormsson bankastjóri á Eskifirði og Sigrún P. Blöndal forstöðukona á Hallormsstað sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Í nóvember 1942 sendi nefndin frá sér dreifibréf þar sem áhyggjur nefndarmanna af rofi milli hins nýja tíma og þess gamla komu glögglega fram: „Fornir hættir, siðir og vinnubrögð eru að falla í gleysku og þeim fer óðum fækkandi, er tvenna muna tímana. Aldrei hefur reynt meir á hin sögulegu tengsl og aldrei riðið meir á því, að hver maður geri það, sem í hans valdi er, til að tryggja þau sem bezt.“ Jafnframt voru Austfirðingar hvattir til að leggja safninu til gamla muni sem ekki voru lengur í notkun. Minjasafnið var svo formlega stofnað á fundi á Hallormsstað í október árið 1943. Stofnaðilar voru Búnaðarsamband Austurlands, Samband austfirskra kvenna og Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands og átti hver sína fulltrúa í stjórn safnsins.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum 80 árum. Í dag eru það til dæmis ekki félagasamtök heldur sveitarfélög sem standa að safninu. Þá náðist stór áfangi árið 1996 þegar safnið komst loksins í varanlegt húsnæði í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Frá upphafi hefur staðið til að byggja við húsið enda aðstaða fyrir starfsfólk, gesti og safngripi langt frá því að vera eins og best verður á kosið. Vonandi verðum við ekki komin langt inn í níunda áratug Minjasafnsins áður en ný viðbygging verður tekin í notkun.

Þó safnið sé komið á níræðisaldurinn eru engin ellimerki á því. Starfsemin var blómleg á árinu, gestafjöldi með mesta móti, heimafólk var duglegt að sækja viðburði á vegum safnsins og fjöldi nemenda sem fengu fræðslu á vegum safnsins var með allra mesta móti. Leitað var til safnsins um margvíslegt samstarf bæði innan og utan fjórðungs. Safnið stendur því styrkum fótum og er mikilvæg stofnun í samfélaginu sem það starfar í, bæði fyrir heimafólk og gesti. Megi það áfram sinna af metnaði öllum þáttum safnastarfs, söfnun, varðveislu, rannsóknum, fræðslu og miðlun, samfélaginu og íbúum þess til heilla og ánægju.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

1. Mannauður

Starfsfólk

Litlar breytingar urðu á starfsmannamálum safnsins á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir var áfram safnstjóri í 100% starfi og Beata Brodowska gegndi stöðu sérfræðings á sviði varðveislu í 100% starfi. Eyrún Hrefna Helgadóttir, sérfræðingur á sviði fræðslu og miðlunar, var í leyfi frá byrjun árs en kom aftur til starfa 1. september og var í 80% starfi eins og áður. Á meðan Eyrún var í leyfi leysti Hanna Christel Sigurkarlsdóttir hana af í 70% starfi og starfaði hún hjá safninu út september. Ingimar Ingimarsson var ráðinn sameiginlegur sumarstarfsmaður Minjasafnsins og Bókasafnsins og sinnti hann gestamóttöku, sýningargæslu og öðrum tilfallandi verkefnum frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Tómas Kaaber sinnti gestamóttöku um helgar í júní, júlí og ágúst. Þá tók safnið starfsmann tímabundið í vinnuþrófun í gegnum Starfsendurhæfingu Austurlands.

Störf stjórnar

Stjórn safnsins var óbreytt á árinu. Hana skipa Björn Ingimarsson (formaður), Vilhjálmur Jónsson (ritari), Rannveig Þórhallsdóttir og Jóhanna Magnusson fyrir Múlaþing og Þórdís Sveinsdóttir (varaformaður) fyrir Fljótshrepp. Varamenn eru Berglind Svavarsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Hulda Sigurdís Práinsdóttir og Jóhann Hjalti Þorsteinsson fyrir Múlaþing og Gunnar Jónsson fyrir Fljótshrepp.

Stjórnin komu þrisvar saman á árinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á vef Minjasafnsins.

2. Rekstur

Rekstur Minjasafns Austurlands var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Þó voru tekjur af aðgangseyri töluvert meiri en áætlað hafði verið og launakostnaður einnig. Þá fékk safnið margvíslega styrki til fjölbreytta verkefna og rætt var um breytt rekstrarfyrirkomulag.

Ársreikningur

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2023 voru tæpar 42,9 milljónir. Þar af voru framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins tæplega 35,5 milljón sem var í samræmi við áætlun. Styrkir til sérverkefna (önnur rekstrarframlög) námu 5,4 milljónum króna. Aðgangseyrir var tæplega 4 milljónir samanborið við 2,5 milljónir árið áður en áætlun ársins 2024 gerði ráð fyrir 2 milljónum.

Heildarrekstrargjöld ársins 2022 námu samkvæmt ársreikningi tæpum 56,8 milljónum en áætlun hafði gert ráð fyrir rúmum 51,7 milljónum. Þar af voru laun og launatengd gjöld 32,9 milljónir en áætlun hafði gert ráð fyrir 28 milljónum. Tekið skal fram að gjöld vegna sérverkefna eru inni í tölunni um rekstrargjöld í ársreikningi en þau voru ekki tekin með í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð upp á tæpar 13,9 milljónir. 11,9 milljónir af því skýrast af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 en umsamið kaupverð á fasteigninni (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2013) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Tap af hefðbundnum rekstri var því tæplega tvær milljónir. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2022 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á vef safnsins.

Styrkir



Á árinu 2023 fékk Minjasafn Austurlands samtals úthlutað 3.695.000 krónum í styrki úr sex sjóðum til fjölbreyttra verkefna. Safnasjóður veitti safninu samtals tvær milljónir til fjögurra verkefna. Þar var um að ræða 500.000 kr í safnfræðsluverkefni í tengslum við Bras (sjá bls. 18), 300.000 krónum fyrirlestrarröðina Nýjustu fræði og vísindi (sjá bls. 11), 300.000 kr. til að sækja Farskóla safnafólks í Amsterdam (sjá bls. 20) og 900.000 krónum í samstarfsverkefni safnsins og Þjóðminjasafns Íslands um gerð fræðsluefnis fyrir börn um Valþjófsstaðahurðina en því verkefni er ekki lokið. Uppbyggingarsjóður veitti safninu 600.000 kr. í fyrrnefnt safnfræðsluverkefni í tengslum við BRAS, Múlaþing veitti safninu 250.000 kr. í gerð sumarsýningar (sjá bls. 13) og Húsfriðunarsjóður styrkti framkvæmdir í Kjarvalshvammi um 300.000 kr. en frekari framkvæmdum þar var frestað til næsta árs og styrknum þar með. Þá veitti Alcoa Fjarðaál safninu 345.000 kr. til að setja upp sýningu tengda forleifauppgreftinum í Firði á Seyðisfirði. Ætlunin var að sú sýningin yrði sett upp haustið 2023 en hún var færð til sumarsins 2024.

Starfshópur um breytt rekstrarfyrirkomulag

Um skeið hafa verið uppi hugmyndir um að breyta rekstrarfyrirkomulagi Minjasafnsins á þann veg að byggðasamlag Múlaþings og Fljótshrepps um reksturinn verði lagt niður. Þess í stað muni Múlaþing sjá alfarið um rekstur safnsins en fulltrúar beggja sveitarfélaga skipi fagrað sem færi með fagleg málefni safnsins. Í mars samþykkti stjórn safnsins að beina því til aðildarsveitarfélaganna að breyta fyrirkomulaginu og tilnefna tvo fulltúra í starfshóp um breytingarnar. Hópin skipa Björn Ingimarsson og Vilhjálmur Jónsson fyrir Múlaþing og Helgi Gíslason og Lárus Heiðarsson fyrir Fljótshrepps. Starfshópurinn fundaði þrisvar á árinu.

3. Varðveisla

Umsýsla safnkostsins var sem fyrr eitt af meginverkefnum Minjasafnsins enda er safnkosturinn sú stoð sem öll önnur starfsemi safnsins hvílir á. Starfsfólk safnsins vann að því alla daga að skrá og ljósmynda gripum sem afhentir voru á safnið, bæta eldri skráningar, meta ástand safnkostsins og bæta varðveisluskilyrði.

Afhendingar og skráningar

Safnið tók á móti 149 gripum á árinu sem komu til safnsins í 22 afhendingum. Allir gripirnir sem bárust safninu voru ljósmyndaðir og skráðir í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Hægt er að nálgast upplýsingar um þá og aðra gripum sem varðveittir eru á Minjasafni Austurlands á Sarpur.is.

Útlán gripa

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það flestir áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Einnig voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik. Síðustu gripirnir sem höfðu verið til sýnis á Eiðum á vegum Eiðavina voru hins vegar sóttir á árinu og eru nú engir munir frá Minjasafni Austurlands á Eiðum.

4. Heimsóknir

Móttaka innlendra og erlendra gesta, skólahópa og hópa í skipulögðum ferðum var áfram stór hluti af störfum starfsfólks Minjasafnsins. Gestafjöldi var með mesta móti, bæði þegar litið er til almennra gesta og skólahópa.

Opnunartími og aðgangseyrir



Opnunartími safnsins var óbreyttur á árinu. Yfir vetrartímamann var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11:00 til 16:00. Í júní, júlí og ágúst var opið alla daga frá kl. 10:00-18:00. Allt árið var tekið á móti hópum utan auglýsts opnunartíma væri þess óskað. Aðgangseyrir var einnig óbreyttur á árinu. Almenn teld fyrir fullorðna var 1.500 kr. en frítt fyrir börn yngri en 18 ára. Námsmenn, öryrkjar og eldri borgarar greiddu 1.000 kr.

Gestafjöldi



Aldrei hafa fleiri gestir sótt Minjasafn Austurlands heim eins og árið 2023. Skýrist fjölgunin eingöngu af gestum úr skemmtiferðaskipum sem komu til Seyðisfjarðar en heimsókn á Minjasafnið var hluti af nokkrum ferðum sem Tanni travel bauð upp á í tengslum við komur skipanna. Heildarfjöldi gesta (almennir gestir og nemendur og kennarar í safnfræðslu) á árinu 2023 var rúmlega 4.600 en var um 3.600 árið áður. Almennir gestir (börn og fullorðnir) á árinu 2023 voru 3706 samanborðið við 2780 árið áður. Af almennu gestunum voru 640 Íslendingar (396 fullorðnir og 244 börn) og 3066 erlendir (2921 fullorðnir og 145 börn). Af almennu erlendu gestunum voru 1427 gestir sem komu úr skemmtiferðaskipum samanborðið við 679 árið áður. Nánar er fjallað um fjölda nemenda í skólaheimsóknum á bls. 17

5. Húsnæði og aðstaða

Húsnæðismál safnsins voru óbreytt ár árinu. Safnið leigði áfram varðveislurými við Smiðjusei í Fellabæ af Múlaþingi og Safnahúsið var áfram meginvettvangur allrar starfsemi safnsins. Þá tók til starfa byggingarnefnd fyrir framkvæmdir við nýja viðbyggingu Safnahússins.

Viðbygging við Safnahúsið



Undirbúningur að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið hélt áfram á árinu. Forsaga málsins teygir sig aftur til ársins 1999 þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að leggja fé til uppbyggingar menningarhúsa á landsbyggðinni. Árið 2016 var skrifað undir viljayfirlýsingu milli ríkis og Fljótshéraðs þess efnis að féð yrði nýtt í uppbyggingu Sláturhússins annars vegar og Safnahússins hins vegar. Lítið varð um framkvæmdir næstu árin en í maí 2018 dró til tíðinda að nýju þegar undirritaður var samningur sem fól í sér stofnframlag til fyrrnefndrar uppbyggingar á menningarhúsunum tveimur. Á árinu 2020 var skipuð byggingarnefnd yfir verkefnið og framkvæmdir hófust í Sláturhúsinu. Framkvæmdum í Sláturhúsinu lauk haustið 2022 og í byrjun árs 2023 var skipuð ný byggingarnefnd yfir seinni hluta verkefnisins, þ.e. framkvæmdir við Safnahúsið. Nefndina skipa Aðalheiður Björt Unnarsdóttir fyrir hönd B-lista, Heiðís Halla Bjarnadóttir fyrir hönd V-lista, Rúnar Ingi Hjartarson fyrir hönd L-lista, Hannes Karl Hilmarsson fyrir hönd M-lista og Oddný Björk Daníelsdóttir fyrir hönd D-lista og er hún einnig formaður nefndarinnar. Þá á Stefán Bogi Sveinsson, héraðsskjalavörður, sæti í nefndinni fyrir hönd safnanna í húsinu. Á árinu var unnið að því í samstarfi við arkitekta hússins að hanna rými hússins að innan í samræmi við þarfir safnanna. Vonir standa til að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta ár.

Eftirlit safnaráðs



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Samkvæmt safnalögum skal safnaráð hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum. Einn hluti þess er eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Það eftirlit fer fram á nokkurra ára fresti og hefst með því að söfnin skila inn upplýsingum um stöðu þessara mála, fá í kjölfarið matskýrslu frá eftirlitsnefnd Safnaráðs með tillögum um úrbætur og að lokum heimsækir fulltrúi nefndarinnar safnið til að meta hvort úrbætur séu fullnægjandi.

Minjasafn Austurlands lenti í úrtaki fyrir eftirlitið árið 2018 og skilaði upplýsingum inn það ár. Matskýrsla barst safninu árið eftir og í september 2023 var komið að heimsókn fulltrúa eftirlitsnefndarinnar. Niðurstaða eftirlitsins var að starfsmenn safnsins væru meðvitaðir um varðveislumál og hugsuðu vel um safnkostinn. Farið hafði verið eftir flestum þeim tillögum sem komu fram í matskýrslu safnaráðs og aðrar voru í ferli. Ýmsar góðar tillögur komu fram um hvernig safnið gæti bætt aðbúnað safnkosts enn frekar, ekki síst í tengslum við komandi framkvæmdir. Ekki var talin þörf á frekara eftirliti eða heimsóknum og safnið því formlega útskrifað.

6. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun

Sýninga- og viðburðahald Minjasafnsins var blómlegt á árinu. Fjölbreyttar sýningar á safnkosti voru settar upp, bæði í sýningarskápnnum á annarri hæð hússins og í Krubbunni, rými í aðalsýningarsal safnsins. Þá var boðið upp á margvíslegar smíðjur, opin hús með fjölbreyttri afþreyingu fyrir börn og fjölskyldur, fyrirlestra og fleira.

Grunnsýning



Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin var sem fyrr tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining og hins vegar sýninguna Hreindýrin á Austurlandi. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

Kassar



Örsýning Kassar var opnuð í sýningarskápnnum á annarri hæð hússins í byrjun árs. Þar gat að líta nokkra af þeim 175 gripum sem komu upp þegar leitarorðið „kassi“ er skráð í skráningarkerfi safnsins á Sarpi. Á sýningunni mátti sjá konfektkassa, kjörkassa, peningakassa, trékassa með leynihólfum og töfralæsingum og pappakassa sem bar nýtni fyrri kynslóða gott vitni.

Fyrirlestraröð: Nýjustu fræði og vísindi



Árið 2022 tóku sex fræða- og menningarstofnanir á Austurlandi höndum saman um að koma á fót fyrirlestraröð sem hlaut yfirskriftina Nýjustu fræði og vísindi. Markmið hennar var skapa vettvang fyrir fræðafólk sem starfar í landshlutanum og þau sem stunda rannsóknir á austfirskum viðfangsefnum annars staðar á landinu, til að miðla niðurstöðum sínum til íbúa fjórðungsins. Að fyrirlestraröðinni stóðu auk Minjasafnsins: Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri, Hallormsstaðaskóli, Héraðs-skjalasafn Austfirðinga, Sögufélag Austurlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi. Eins og áður sagði hófst röðin á árinu 2022 en hún hélt áfram á árinu 2023 með þremur fyrirlesturum.

Fyrsti fyrirlestur ársins 2023 fór fram í febrúar. Þá fjallaði Hrafnkatla Eiríksdóttir, sníkjudýra- og þjóðfræðingur um óhefðbundnar sauðfjárlækningar fyrr og nú. Næsti fyrirlestur fór fram í apríl en þá flutti Sigurður Högni Sigurðsson sagnfræðingur fyrirlestur byggðan á meistararitgerð sinni frá Háskóla Íslands sem fjallaði um ættar- og vináttutengsl í samfélagi austfirskra bænda á ofanverðri átjándu öld. Síðasti fyrirlestur ársins fór fram í maí þegar Guðrún Óskarsdóttir gróður-vistfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands og doktorsnemi í vistfræði birkis hjá Háskóla Íslands, fjallaði um gróðurframvindu í lúpínubreiðum á Austurlandi

Sauðkind og safnkostur



Sýningin Sauðkind og safnkostur var sett upp í Krubbunni í sýningarsal safnsins í byrjun þorra. Þar voru dregnir fram fjölbreyttir gripir úr safnkosti safnsins sem allir tengdust sauðkindinni á einhvern hátt en þar mátti sjá allt frá sauðskinnsskóm til taðkvarnar.

Öskupokasmiðja



Í aðdraganda öskudags fór árleg öskupokasmiðja fram í Safnahúsinu. Þetta var í fjórða sinn sem Minjasafnið stóð fyrir slíkri smiðju í samstarfi við Soroptimistaklúbb Austurlands en félagskonur í klúbbnum sáu um að kenna réttu handtökin við saumaskapinn. Gestir gátu valið um að sauma poka frá grunni eða skreyta poka sem búið var að sauma. Í pokana var svo sett aska, smásteinar eða orðsendingar og málshættir. Viðburðurinn var vel sóttur eins og undanfarin ár og ánægjulegt að geta komið þeirri séríslensku hefð að sauma öskupoka áfram til næstu kynslóða.

Páskar



Í dymbilvikunni buðu Minjasafnið og Bókasafn Héraðsbúa saman upp á margvíslega afþreyingu fyrir yngstu kynslóðina á opnunartíma safnanna. Gestir gátu spreytt sig á margvíslegum ratleikjum og föndri og voru margar fjölskyldur sem nýttu sér það í páskafriinu.

Spengja, stoppa, staga, stykkja



Alþjóðlegi safnadagurinn var venju samkvæmt haldinn 18. maí. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var Söfn - sjálfbærni - vellíðan og í tilefni af því var sett upp örsýning með gripum sem eiga það sameiginlegt að hafa gengið í endurnýjun lífdaga. Um var að ræða hluti úr safnkosti safnsins sem voru annaðhvort bættir eftir mikla notkun eða þeim breytt þannig að þeir öðluðust nýtt hlutverk. Sýningin var þannig vitnisburður um ótrúlega nýtni og hugvitssemi fólks hér áður fyrr þegar fólk átti færri hluti og notaði þá til hins ýtrasta. Í tengslum við sýninguna bauð safnið, í samstarfi við Soroptimistaklúbb Austurlands, upp á opna fataviðgerðarsmiðju þar sem gestir gátu fengið leiðsögn við að laga og bæta textíl

Sumarsýning: Ferðalög fyrir á tímum



Sumarsýning Minjasafnsins bar heitið Ferðalög fyrir á tímum og var hún formlega opnuð á þjóðhátíðardaginn, venju samkvæmt. Á sýningunni voru gripir úr safnkostinum nýttir til að setja upp sviðsmynd tjaldferðalags fyrir á tímum auk þess sem lesa mátti fróðleik um ferðalög fólks á þeim tíma þegar fólk ferðist frekar af nauðsyn en til að skemmta sér.

Skóladagar



Í haustbyrjun var sýningin Skóladagar sett upp í sýningarskápnunum á efstu hæð Safnahússins. Þar voru til sýnis margvíslegir gripir úr safnkosti safnsins sem tengdust á einhvern hátt skólastarfi. Þar mátti meðal annars sjá gamlar skólabækur, skólaspjöld, skriffæri, húsgögn og skólatösku svo eitthvað sé nefnt. Reikna má með að margir eldri gestir hafi kannast við einhverja gripi frá sinni eigin skólagöngu á meðan líklegra er að núverandi grunnskólanemar hafi rekið upp stór augun enda mikið vatn runnið til sjávar í skólastarfi síðan þessir gripir voru notaðir.

Dagar myrkurs



Í tilefni af byggðahátíðinni Dögum myrkurs sem fram fóru í lok október, buðu söfnin í Safnahúsinu til fjölskyldusamveru þar sem afþreying sem tengist árstímanum, myrkrinu og hrekkjavökunni voru í hávegum. Lesnar voru draugasögur, boðið upp á að skreyta steina með posca pennum og síðast en ekki síst var sett upp aðstaða þar sem fólk gat skorið út í rófur að gömlum síð en hann á rætur sínar að rekja til Írlands á 16. öld. Margar listilega útskornar rófur litu dagsins ljós í Safnahúsinu og ekki skemmdi fyrir að geta maulað innvolsið úr þeim jafnóðum.

Jólasýning og jólaviðburður



Jólasýning safnsins árið 2023 var sýningin Þorláksmessukvöld. Sýningin var sett upp í Krubbunni, sýningarrými í aðalsýningarsal safnsins, en þar gátu gestir skyggst inn í stofu á íslensku heimili á sjöunda áratugnum þar sem jóla-undirbúningurinn var í hámarki. Sjá mátti að húsbóndinn var nýstíginn upp úr stólnum sínum, þar sem hann hafði setið og hlustað á jólakveðjurnar sem ómuðu úr útvarpinu. Húsmóðirin hafði hins vegar verið í óðaönn að strauja jóladúkana, ryksugan var til þjónustu reiðubúin á gólfinu og við stofuborðið var verið að pakka inn síðustu jólagjöfunum. Jafnframt hefur einhvern verið að skreyta jólatréð og pússa spariskóna.



Í sýningarskápnunum á þriðju hæð hússins var búið að koma fyrir þeim jóladagatölum sem safnið varðveitir. Dagatölin voru jafn ólík og þau eru mörg en áttu það öll sameiginlegt að hafa glatt eigendur sína á meðan beðið var eftir jólum, sum hver ár eftir ár.



Sýningarnar voru formlega opnaðar á sérstakri jólasamveru sem söfnin í Safnahúsinu stóðu fyrir í byrjun adventu. Auk þess að skoða sýningarnar gátu gestir tekið þátt í fjölbreyttu jólaföndri, hlustað á jólasögu og síðast en ekki síst hafði sjálfur Skyrgámur gert sig heimakominn á Héraðsskjalasafninu, gestum til mikillar gleði.


Miðlun á vef - áhersla á afmæli



Afmælismoli - Tilurð safnsins
16. AUGUST 2023



Minjasafnið stóð sem fyrir margvíslegri miðlun á vef og samfélagsmiðlum safnsins. Í tilefni af því að á árinu voru 80 ár frá stofnun safnsins var sérstök áhersla lögð á að miðla efni sem tengdist afmælinu og sögu safnsins í gegnum tíðina. Ráðist var í tvö viðamikil miðlunarverkefni á vefnum. Annars vegar var þar um að ræða greinaröð á vef safnsins þar sem fjallað var um ýmsa þætti úr sögu safnsins undir yfirskriftinni Afmælismolar. Hins vegar var blásið til 80 daga átaks á samfélagsmiðlum safnsins sem bar yfirskriftina 80 færslur á 80 dögum. Átakið hófst á afmælisdegi safnsins og næstu 80 daga var sagt stuttlega frá fjölbreyttum atriðum úr sögu safnsins, s.s. fyrri sýningum og viðburðum, gripum úr safnkostinum, starfsfólki safnsins og mörgu fleiru. Þá var útbúið sérstök afmælisútgáfa af merki Minjasafnsins sem var notuð til að auðkenna efni sem tengdist afmælinu.



Vefur safnsins og samfélagsmiðlar voru jafnframt áfram nýttir til að segja frá fjölbreyttum verkefnum safnsins hverju sinni svo og öðrum fréttum. Þá voru söfnin í Safnahúsinu með sameiginlegt jóladagatal á samfélagsmiðlum sínum þar sem hrekkjóttir jólaálfar voru myndaðir við ýmsa vafasama iðju á söfnunum. Auk þess tók Minjasafnið einnig þátt í jóladagatali Félag íslenskra safna og safnafólks þar sem einn jólalegur gripur birtist á samfélagsmiðlum félagsins frá 1. desember og fram að jólum.

7. Safnfræðsla

Safnfræðsla Minjasafns Austurlands var áfram öflug og aðsókn með mesta móti en fara þarf aftur til áraanna 2009-2011 til að finna viðlíka fjölda nemenda á einu ári. Auk hefðbundinna skólaheimsóknna bauð safnið upp á viðamiklari safnfræðsluverkefni í tengslum við BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi.

Heimsóknir skólahópa



Sjaldan hafa fleiri nemendur tekið þátt í safnfræðslu Minjasafns Austurlands en á árinu 2023 en um 800 nemendur nýttu fræðsluverkefni safnsins á árinu. Fjöldinn hefur aðeins þrisvar verið meiri á ársgrundvelli en það var á árunum 2009-2011. Allir grunnskólar í Múlaþingi tóku þátt í einhverjum fræðsluverkefnum á vegum safnsins og Menntaskólinn á Egilsstöðum og leikskólarnir á Egilsstöðum og í Fellabæ voru einnig duglegir að nýta sér safnið og það sem þar er í boði.



Fræðsluverkefnin voru afar fjölbreytt og fóru ýmist fram á safninu eða í skólunum. Meðal verkefna voru fræðsla um þorrann og hefðir tengdar honum fyrir leikskólabörn, hreindýra-lásalausnir (Brakeout Edu), tóvinnusmiðjur, tálgunarsmiðjur, langspilssmiðjur, fræðsla um jólahefðir í gamla daga, fræðsla um Kjarval og ýmislegt fleira. Safnið átti áfram í góðu samstarfi við leikskólann Tjarnarskóg en löng hefð er fyrir því að næst elsti árgangurinn þar komi í fjórar heimsóknir á safnið yfir árið. Þá átti safnið einnig í góðu samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum en heimsókn á safnið er hluti af sögukennslu þar á bæ auk þess sem nemendur á starfsbraut og listnámsbraut heimsóttu safnið einnig. Þá tóku starfskonur safnsins á móti krökkum í sumarfrístund á Egilsstöðum og hópi krakka á útvistarnámskeiði hjá Ungmennafélaginu Pristi svo fátt eitt sé nefnt.



BRAS: Tóvinna, tálgun og töfrar langspilsins.



Eins og undanfarin ár tók Minjasafn Austurlands virkan þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Verkefni safnsins voru sérstaklega viðamikil í ár en grunnskólum í Múlaþingi var boðið upp á þrjár mismunandi smiðjur, allt eftir því hvað hentaði hverjum skóla. Smiðjurnar áttu það allar sameiginlegt að tengjast með einum eða öðrum hætti óáþreifanlegum menningararfi sem var útgangspunktur verkefnisins. Alls tóku 182 nemendur úr öllum grunnskólum Múlaþings þátt í smiðjunum.



5. bekkur í Egilsstaðaskóla, 5.-6. bekkur í Djúpavogsskóla og allir nemendur í Grunnskólanum á Borgarfirði tóku þátt í tóvinnusmiðjum þar sem þau fengu að kynnst því hvernig umbreyta má ull í band til að þrjóna úr. Nemendur á Djúpavogi og Borgarfirði fengu leiðbeinendur í heimsókn í skólana en nemendur Egilsstaðaskóli komu á safnið í þrjú skipti. Í smiðjunum lærðu nemendur m.a. að skilja að tog og þel (taka ofan af), kempa þelið, búa til lyppur og spinna á halasnældu.



Safnið bauð einnig upp á tvær farandsmiðjur þar sem Eyjólfur Eyjólfsson, þjóðfræðingur og tónlistarmaður, kynnti fyrir nemendum hið forna hljóðfæri langspil og Bjarki Sigurðsson, handverksmaður, kenndi nemendum réttu handtökin við að tálga úr tré. Báðar þessar smiðjur fóru í Brúarásskóla, Fellaskóla og Seyðisfjarðarskóla. Einnig heimsótti Eyjólfur Egilsstaðaskóla og bauð nemendum í 6. bekk upp á stuttar langspilssmiðjur.



Þetta er í fjórða sinn sem Minjasafn Austurlands býður grunnskólum á starfssvæði þess upp á smiðjur í tengslum við BRAS þar sem unnið er með menningararfinn á skapandi hátt.

8. Samstarf, símenntun, starfshópar og fleira

Starfsfólk safnsins sóttu margvíslega fundi og ráðstefnur á árinu auk þess að sitja í nokkrum nefndum og starfshópum. Safnið átti í margvíslegu samstarfi, t.d. á vettvangi ýmissa félaga, um símenntun starfsfólks, rekstur ljósmyndasafns og fleira.

Ráðstefnur og starfshópar

Safnstjóri Minjasafnsins átti sæti í nokkrum stjórnnum og starfshópum á árinu og tók jafnframt þátt í fundum og ráðstefnum fyrir hönd safnsins. Safnstjóri sat til dæmis áfram sem varaformaður í stjórn FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnafólks og var áfram annar tveggja fulltrúa Safnaráðs í Minjaráði Austurlands sem heyrir undir Minjastofnun. Þá sat safnstjóri áfram í ritnefnd Múlaþings og í samráðshópi um Daga myrkurs sem skipaður var í kjölfar málþings um framtíð hátíðarinnar árið 2019 og í vinnuhópi um framkvæmd BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Þá sat safnstjóri meðal annars fundi um hafnir Múlaþings, vinnufundi um menningarstefnur annars vegar Austurlands og hins vegar Múlaþings og stefnumótunarfund um Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands.

Símenntun



Árleg sameiginleg vorferð safnanna í Safnahúsinu var farin til Húsavíkur að þessu sinni. Þar heimsótti hópurinn kollega sína í Menningarmiðstöð Pingeyinga, en hún hýsir byggðasafn, náttúrugripasafn, sjóminjasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn, myndlistasafn og bókasafn. Einnig kom hópurinn við á Húsavík Whale Museum. Á báðum söfnum fékk hópurinn að skoða vandaðar sýningar og átti gott spjall um starfsemina og önnur sameiginleg málefni.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnafólks var haldinn í Amsterdam. Safnstjóri sótti skólann ein að þessu sinni en aðrar starfskonur áttu ekki heimangengt. Skólinn er einn mikilvægasti vettvangur símenntunar safnafólks hér á landi. Þar gefst safnafólki tækifæri til að kynnst nýjungum í safnastarfi, læra af kollegum hér á landi og erlendis, kynna eigin starfsemi og síðast en ekki síst kynnst og eiga samskipti við fólk úr sama geira. Í Amsterdam gafst þátttakendum kostur á að kynnst fjölbreyttri flóru hollenskra safna en Hollendingar eru mjög framarlega þegar kemur að safnamálum.

Síðast en ekki síst sendi Minjasafnið fulltrúa á kertagerðarnámskeið í Hallormsstaðaskóla en ætlunin er að nýta þá þekkingu frekar í safnfræðslu og viðburðahaldi.

Samstarf við Ríkarðssafn

Á árinu var gerður samningu á milli Minjasafns Austurlands og stjórnar Ríkarðssafns á Djúpavogi sem felur í sér að Minjasafn Austurlands mun sjá um að skrá þá muni sem Ríkarðssafni berast. Í því felst að skrá upplýsingar um gripina í menningarsögulega gagnasafnið Sarp, ljósmynda þá og búa um þá til varðveislu. Ríkarðssafn greiðir fyrir ferðir og vinnu starfsfólk Minjasafnsins í samræmi við samninginn. Miðað er við að safnið sendi starfsfólk tvisvar á ári á Djúpavog til að sinna verkefninu en engin ferð var farin á árinu 2023.

Ljósmyndasafn Austurlands



Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) og safnstjóri sat í stjórn þess. Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

9. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi Minjasafns Austurlands á árinu 2023 þegar 80 ár voru liðin frá stofnun safnsins. Sýninga- og viðburðahald var mikið og fjölbreytt og gestagangur jókst til muna með öllum þeim verkefnum sem því fylgir. Safnfræðsla safnsins var einnig í miklum blóma og fjöldi nemenda sem fengu fræðslu frá safninu með mesta móti. Meðfram þessu var áfram unnið að skráningu og varðveislu safnkosts safnsins og þannig hlúð að þeirri stoð sem allt annað starf byggir á.

Framundan eru fjölbreytt verkefni á öllum sviðum starfseminnar. Til dæmis mun Minjasafnið á næsta ári taka höndum saman með Sláturhúsinu á Egilsstöðum og Skaftfelli á Seyðisfirði um viðamikið verkefni sem hefur fengið heitið Kjarval á Austurlandi. Markmið þess er að upphefja Kjarval og tengsl hans við Austurland með fjölbreyttum hætti. Þá þokast undirbúningur fyrir framkvæmdir við Safnahúsið áfram og vonir standa til að hægt verði að hefja þær á árinu 2024. Það er því óhætt að segja að Minjasafn Austurlands ber aldurrinn vel og taki fagnandi á móti nýjum áratug.